

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á skilmálum deiliskipulags Norðurbakka frá 2004/2005.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 19. febrúar 2021 breytingu á skilmálum deiliskipulags Norðurbakka frá 2004/2005.

Deiliskipulagsbreytingin varðar útfærslu og frágang við hafnarsvæði Norðurgarðs. Umfang grjótvana er aukið og gert verður ráð fyrir flotbryggju fyrir smábáta austast á svæðinu. Deiliskipulagsbreytingin er sett fram í greinargerð dagsettri 5. nóvember 2020.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Deiliskipulagsbreyting, Skarðshlið, 2. áfangi, Drangsskarð 15.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar var samþykkt deiliskipulagsbreyting er nær til lóðarinnar við Drangsskarð 15.

Í breytingunni felst tilfærsla á byggingarreitum og að hæðir húsa verði tvær, í stað einnar til tveggja hæða, með flötum þökum. Hæð húsa breytist og hækka á bilinu 0,8 – 1 m. Að öðru leyti haldast skilmálar deiliskipulagsins óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 27. apríl 2021.

F.h. skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar,
Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 11. maí 2021